

Ákvörðun Einkaleyfastofu

í andmælamáli

nr. 18/2001

Edith Randy

gegn

BÓNUS.

Málsatvik:

Hinn 8. september 1999 lagði BÓNUS inn umsókn um skráningu vörumerkisins BÓNUS (orð og myndmerki). Umsóknin fékk númerið 2642/1999. Óskað var skráningar fyrir tilteknar vörur í flokkum 3, 20, 21, 24, 25, 28, 29, 30, 31 og 32.

Merkið var skráð og birt í ELS-tíðindum hinn 19. nóvember 1999, sbr. skráning nr. 1132/1999.

Með bréfi, dags. 18. janúar 2000, andmælti Edith Randy ofangreindri skráningu. Andmælin byggjast á því að sú ákvörðun BÓNUS að sækja um skráningu merkisins gangi gegn samkomulagi milli fyrrum framkvæmdarstjóra BÓNUS og andmælanda, sem hafi teiknað merkið og önnur merki fyrir BÓNUS, þess efnis að ekki hafi átt að skrá merkið.

Eiganda skráningarinnar var tilkynnt um fram komin andmæli með bréfi, dags. 20. janúar 2000, og var honum veittur frestur til 20. maí 2000 til að tjá sig um andmælin og leggja inn skriflega greinargerð. Eigandi skráningarinnar nýtti sér ekki þennan rétt og bárust því engar athugasemdir frá honum. Engin frekari gögn bárust frá andmælanda og var málið því tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Málsástæður og lagarök

Andmælandi byggir andmæli sín á því að skráning merkisins BÓNUS (orð- og myndmerki), skráning nr. 1132/1999, hafi verið ákveðin af núverandi framkvæmdarstjóra BÓNUS vegna grandleysis um samkomulag milli fyrrum framkvæmdarstjóra og eiganda BÓNUS og andmælanda um að öll merki sem andmælandi teiknaði fyrir BÓNUS séu andmælanda til skemmtunar og notkunar, enda væri engin greiðsla þegin fyrir vinnu við þau eða hugmyndir að þeim. Andmælandi benti jafnframt á að hann hefði engan hug á að skrá merkið sem sína eign. Sjálfsagt væri að merkið fengi að vera í friði ásamt öðrum aukamerkjum, enda væri Bónusgrísinn skráð vörumerki og sú skráning verndi merkið fyrir notkun óviðkomandi aðila á því.

Engar athugasemdir bárust frá umsækjanda.

Niðurstaða

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælin virðast byggð á sjónarmiðum um höfundarétt andmælanda sem listamanns og sjónarmiðum um samningsrof milli andmælanda og framkvæmdarstjóra BÓNUS. Hvorug sjónarmiðin eru þó nánar rökstudd, né studd nægjanlegum gögnum. Umsækjandi á skráð merki mjög svipuð vörumerkjaskráningu nr. 1132/1999, í svipaðri stílfærslu. Að mati Einkaleyfastofunnar hefur andmælandi ekki lagt fram nægjanleg gögn sem sýna fram á betri rétt hans til merkisins og skal skráning nr. 1132/1999, BÓNUS (orð- og myndmerki) því halda gildi sínu.

Ákvörðunarorð

Skráning nr. 1132/1999, BÓNUS (orð- og myndmerki) skal halda gildi sínu.

Reykjavík 10. ágúst 2001

Grétar Ingi Grétarsson, lögfr.